

Lagt fyrir fund velferðarráðs 18. júní 2025

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistasflokks Íslands um rýni á matsviðmiði og reglum sérstaks húsnæðisstuðnings

Lagt er til að það verði metið hvort og þá hvernig hægt sé að breyta reglum um sérstakan húsnæðisstuðning þannig að einungis verði litið til fjárhagslegrar stöðu í stað þess að félagslegar aðstæður umsækjenda þurfi einnig að vera metnar til stiga út frá matsviðmiði.

Í núverandi reglum kemur fram að staða umsækjanda verði að vera metin til að lágmarki sex stiga, þar af að lágmarki til tveggja stiga hvað varðar félagslegar aðstæður, sbr. matsviðsmiði sem fylgir með reglunum, til að viðkomandi eigi rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi.

Óskað er eftir því að velferðarsvið vinni greiningu á því hvað þyrfti að breyta í reglum þannig að sérstaki húsnæðisstuðningurinn næði til þeirra sem ekki uppfylla matsviðmið nú, þrátt fyrir að vera með íþyngjandi húsnæðiskostnað.

Greinargerð:

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og félagslegra aðstæðna.

Fjölmargir greiða háa húsnæðisleigu en eiga ekki rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi og því er lagt til að rýna reglurnar með þetta í huga.

Það mætti til að mynda breyta reglum þannig að fleiri punktar verði gefnir vegna húsnæðisstöðu þeirra sem eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað. Þá væri einnig hægt að breyta matsviðmiði þannig að einungis verði litið til fjárhagslegrar stöðu og íþyngjandi húsnæðiskostnaðar, líkt og tíðkast í öðrum sveitarfélögum.

Óskað er eftir kostnaðarmati.